

7. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 22. nóvember 2011 í leikskólanum, kl. 16:00. 10. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Starfsmannamál.
3. Breytingar á gjaldskrá.
4. Fjárhagsáætlun 2012.
5. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ✓ Haustið hefur leikið við okkur, veðrið hefur verið yndislegt og gert okkur kleift að rannsaka og ferðast mikið utan dyra.
- ✓ Valdís Magnúsdóttir sem er þroskaþjálfari byrjaði hjá okkur í október og var það góð viðbót við starfsmannaflóru leikskólans, s en svo fór Hanna Björk í veikindaleyfi fyrir barnsburð.
- ✓ Starfsfólk leikskólans skundaði á Haustþing 8.deildar FL og FSL á Hótel Selfoss 7. október. Við sáum um skreytingarnar og settum við upp hina glæsilegustu myndverkasýningu á 10. mín. og vakti hún mikla lukku. Við áttum fulltrúa á öllum fyrirlestrum nema einum og vorum við allar mjög ánægðar með fyrirlestrana og lærðum allar eitthvað nýtt.
- ✓ Ömmu- og afadagur var í október og var góð mæting, og flest öll börn fengu heimsóknir og ef svo var ekki fengu þau ömmu eða afa að láni. Börn og starfsfólk lögðu mikla vinnu í að undirbúa daginn með boðskortum, teikningum, málverkum, blóma- og fiðrildagerð. Ömmurnar og afarnir fóru svo heim með blóm eða fiðrildi sem börnin gáfu þeim.
- ✓ Aðalfundur foreldrafélagsins var einnig haldin í október og fékk foreldrafélagið hana Hrafnhildi Karls., leikskólafulltrúa til að halda erindi um félagsþroska ungra barna og vinatengsl. Þátttaka var ekki mjög góð og var ákveðið að aðalfundur foreldrafélagsins færi fram í lok ágúst á næsta ári.
- ✓ 1.bekkur kom tvisvar sinnum og þá í litatónaverkefni og einingakubba. Snillingarnir fóru líka tvisvar í heimsókn í Flúðaskóla í fyrra skiptið fóru þau í stöðvavinnu með 1.bekk og frímínútur og í seinna skipti borðuðu þau úti í skóla og fóru í myndmennt og handmennt.
- ✓ Séra Eiríkur hefur komið til okkar annan hvern föstudag og sagt okkur sögur og söngva, í desember kemur hann svo á hverjum föstudegi. Börnin eru alltaf jafn spennt að heyra sögurnar hans og finnst söngvarnir mjög skemmtilegir.
- ✓ Í tilefni af Degi gegn einelti vorum við með vináttuviku, þá ræddum við sérstaklega mikið um vináttuna, hvað það þýðir að eiga góðan vin og sungum vinasöngva.
- ✓ Á þjóðhátíðardegi Þýskalands kom Silke og sagði krökkunum frá Þýskalandi, sýndi þeim myndir og söng meistari Jakob á þýsku. Á þjóðhátíðardegi Póllands komur Izabela og Monika og sögðu krökkunum frá Póllandi, sýndu þeim myndir og gáfu þeim að smakka pólskar kökur. Það er reglulega gaman að fá foreldra til okkar og fræða okkur um heimaland sitt, foreldrar eru mjög jákvæðir að koma og fræða okkur.
- ✓ Bókasafnsheimsóknir voru í október og tók Áslaug á móti börnunum í litlum hópum og fræddi þau um bókasafnið, hvernig maður fær lánaða bók og svo las hún vel valda bók í lokin. Þessar heimsóknir eru alltaf mjög skemmtilegar og bíða börnin spennt eftir að fara á bókasafnið.
- ✓ Tvö ný börn hafa hafið sína leikskólagöngu og eru þau bæði starfsmannabörn.

- ✓ Inga fór í veikindaleyfi í nóvember og verður fram í miðjan des. Eftir mikla leit fengum við hana Hönnu Siggu til að leysa hana af á álagstímum.
- ✓ Væntanlegar starfsmannabreytingar eru nú í lok nóvember. Dúna fer í veikindaleyfi fyrir barnsburðarleyfi og Ragna kemur ný inn.
- ✓ Jólagjöf barnanna til foreldra sinna er næstum tilbúinn og framundan er tími jólaundirbúnings, við skreytum leikskólann okkar jafnt og þétt fram að jólaballi og Snillingar fara að æfa helgileikinn. Jólalögin fóru að óma hér um miðjan nóvember og alltaf finnst börnunum jafn skemmtilegt að syngja þau.
- ✓ Í október og nóvember hef ég verið með starfsmannspjall. Þá hef ég komið inni undirbúningstíma starfsmanna og þar skapast mikil umræða um starfið, börnin og það sem starfsmaðurinn þarf að ræða. Þetta fyrirkomulag hefur virkað mjög vel og hafa starfsmennirnir verið mjög ánægðir með „spjallið“.

2. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál og lagði fram til upplýsinga skjal um starfshlutföll og daglegan vinnutíma starfsfólks leikskólans.

3. Breytingar á gjaldskrá.

Í tillögu að breytingu á gjaldskrá er lagt til að vistunargjöld hækki um 10 %. Lagt er til að gjald fyrir hádegisverð hækki úr 230 kr. í 255 kr., morgunhressing hækki úr 58 kr. í 61 kr. og síðdegishressing úr 89 kr. í 94 kr. Samþykkt samhljóða að hádegisverður kosti 255 kr., morgunhressing 61 kr., síðdegishressing 94 kr. og að vistunargjöld hækki um 10%.

4. Fjárhagsáætlun 2012.

Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Í áætluninni er gert ráð fyrir að rekstur leikskólans kosti rúmar 48 milljónir árið 2012. Fræðslunefnd samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir árið 2012.

5. Önnur mál.

- a. **Skólaþing og skólastefna.** Formaður fór yfir stöðu mála. Stefnt er að halda þingið fjótlega eftir áramótin.
- b. **Úttekt vegna stjórnunar.** Formaður skýrði frá því að úttektaraðili hefur verið að afla upplýsinga. Gert er ráð fyrir fundi þann 21. desember n.k. með stjórnendum skólanna og fleirum sem málið varðar.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.45.